

# SAMKEPPNI UM ÁNINGARSTAÐI Í ÞJÓÐSKÓGUNUM

ÖRSAMKEPPNI
DÓMNEFNDARÁLIT
JÚNÍ 2013

**Verkkaupi:**
Skógrækt ríkisins
**Styrkveitandi:**
Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða
**Umsjónaraðili:**
Arkitektafélag Íslands

# ÁNINGARSTAÐIR Í ÞJÓÐSKÓGUNUM

Tilgangur Skógræktar ríkisins með örsamkeppni þessari var að leita tillögu að áhugaverðum áningarstað í Þjóðskóginum á Laugarvatni, sem jafnframt gæti orðið kennileiti fyrir þjóðskóga Skógræktar ríkisins víða um land. Vill Skógrækt ríkisins og dómnefnd þakka fyrir áhugann og þær tillögur sem bárust. Ennfremur vill Skógrækt ríkisins þakka þann fjárhagsstuðning sem verkefnið hefur hlotið frá Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða.

Markmið keppninnar var að hanna áningarstað sem væri aðgengilegur öllum, gerði heimsóknir í skóga þægilega og áhugaverða upplifun og væri í góðri tengingu við umhverfi skóganna, gönguleiðir, skógarstíga og leiksvæði. Skyldi áningarstaðurinn vera gerður af hugkvæmni úr innlendum trjáviði, vera hagkvæmur í uppsetningu og viðhaldi.

Alls bárust 13 tillögur í keppnina þ.a. margar vandaðar og vel fram settar tillögur. Almennt má segja um tillögur þátttakenda, að mikil áhersla hafi verið lögð á að hanna byggingar, sem oft voru hugsaðar sem fremur aflokuð hús frekar en skýli. Í mörgum tillögum var heldur minni áhersla lögð á útisvæði og aðlögun bygginganna að landi og umhverfi. Margar áhugaverðar byggingar eða skýli voru kynnt til sögunnar, en höfðu sumar þeirra skírskotun til annarar notkunar en umbeðinnar, að mati dómnefndar.

Dómnefnd tók fjórar tillögur til frekari skoðunar, tillögur nr. 53820, 71717, 80123 og 22838. Við nánari skoðun var það einróma niðurstaða dómnefndar að tillaga nr. 22838 skyldi hljóta fyrstu verðlaun, að upphæð 1. milljón kr. Það er niðurstaða dómnefndar að mæla með því að sú tillaga verði byggð í skóginum á Laugarvatni, eftir frekari úrvinnslu á athugasemdum í dómnefndaráliti. Ákveðið var að veita tillögu nr. 71717 önnur verðlaun, að upphæð 400 þúsund kr og tillögum nr 80123 og 53820 viðurkenninguna „athyglisverð tillaga“.

# DÓMNEFND

Dómnefndarfulltrúi tilnefndur af verkkaupa
Hreinn Óskarsson formaður dómnefndar, skógarvörður Skógræktar ríkisins Suðurlandi

Dómnefndarfulltrúi tilefndur af Arkitektafélagi Íslands
Harpa Stefánsdóttir arkitekt FAÍ

Dómnefndarfulltrúi skipaður af Félagi íslenskra Landslagsarkitekta:
Ragnar Frank Kristjánsson landslagsarkitekt FÍLA

Ritari dómnefndar:
Hallmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Arkitektafélags Íslands

Trúnaðarmaður dómnefndar:
Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ

# DÓMNEFNDARSTÖRF

Dómnefnd komst að niðurstöðu um að veita

1. verðlaun krónur 1.000.000 höfundum tillögu númer 22838
2. verðlaun krónur 400.000 höfundum tillögu númer 71717

**Hreinn Óskarsson** skógfræðingur, formaður dómnefndar



**Harpa Stefánsdóttir** arkitekt FAÍ



**Ragnar Frank Kristjánsson** landslagsarkitekt FÍLA

# TILLÖGUR OG UMSAGNIR DÓMNEFNDAR

# 1. VERÐLAUN

TILLAGA AUÐKENND NR. 22838

---

**Höfundar:**
Arkís arkitektar ehf.
Birgir Teitsson arkitekt FAÍ, FSSA,
Arnar Þór Jónsson arkitekt FAÍ, FSSA.
Aðstoð við tillögugerð: Sara Axelsdóttir arkitekt

Heildaryfirbragð tillögu er mjög gott og skýrt fram sett. Skírskotun til fyrri tíma byggingarhefðar er skemmtileg og vel útfærð. Eldaskáli, salernisaðstaða, útikennsluaðstaða og leiksvæði mynda samfellda heild. Tillagan vekur strax áhuga fyrir m.a. einfaldleika og sveigjanleika. Efnisnotkun er hefðbundin og uppbygging auðleyst. Stærð trjábola þarf að vísu skoða og erfitt gæti reynst að útvega efni í þessum stærðum í íslenskum skógum. Byggingin virðist óþarflega efnismikil og landfrek. Það mætti hugsa sér að minnka byggingar eins og tillöguhöfundar reyndar sýna í skýringarmyndum. Skorsteinn virðist yfirþyrmandi – reyklosun mætti leysa á einfaldari hátt. Afstöðumyndin sýnir of lítinn hluta umhverfisins og merking mælikvarða er röng. Aðalaðkoma frá bílastæðum er góð en síðri frá Dalbraut. Skoða þarf notkun trépalla með tilliti til viðhalds.

AFSTÖÐUMYND _1:100















# ELDASKÁLI Á LAUGARVATNI

## Áningarstaðir fyrir Skógrækt ríkisins

### Eldaskáli

[illegible]

[illegible]

### 1. Aðkoma/útkennsla

[illegible]

### 2. Eldskálinn

[illegible]

### 3. Leiksvæði

[illegible]

### Upplifun

[illegible]





GRUNNMYND _1:100



SKURÐUR AA _1:100



SKURÐUR BB _1:100






AUSTUR ÁSÝND _1:100



SUÐUR ÁSÝND _1:100



VESTUR ÁSÝND _1:100



NORÐUR ÁSÝND _1:100

22838



A
B
rekkjur
leiksvæði
eldstæði
rekkjur
útikennsla
geymsla
v.s.
v.s.
A
B
WC



# 2. VERÐLAUN

TILLAGA AUÐKENND NR. 71717

---

**Höfundar:**
Hornsteinar arkitektar

Heildaryfirbragð tillögunnar er gott. Aðgengismál eru vel leyst og neðra stígakerfi myndar formræna heild. Stígurinn upp að efri áningarstað er þó óþarflega brattur. Byggingum er vel fyrir komið í landinu þó virðist liggja beint við að stilla betur saman hæð bílastæðis og áningarstaðar með tilliti til aðgengis fyrir alla. Útikennslusvæði tekur mið af landhalla á skemmtilegan hátt. Þrívíddarmyndir af bálskýli gefa hugsanlega til kynna aðra notkun en þá sem um ræðir. Efnisnotkun er mjög áhugaverð og ber vott um hugkvæmni og frumleika. Op eða raufar í veggjum bálskýlis eru skemmtileg útfærsla með fjölbreytilegum möguleikum. Bálskýlið virðist geta þjónað sínu hlutverki vel og veita gott skjól fyrir veðri. Lausn burðarvirkis á mótum þaks og bogadreginna veggja er óljós. Hugmyndir um sveigjanleika í rýmismynd er athyglisverð.




AFSTÖÐUMYND, mkv. 1:500





GRUNNMYND, mkv. 1:200



SNEIÐING, mkv 1:200



ÚTLIT, mkv 1:200

ÚTLIT, mkv 1:200

ÚTLIT, mkv 1:200



GAFLÚTLIT, mkv 1:200

# ÁNINGARSTAÐUR Í ÞJÓÐSKÓGI







TORG



SVEIGJANLEIKI



# ATHYGLISVERÐ TILLAGA

TILLAGA AUÐKENND NR. 53820

---

**Höfundar:**
Hanna Kristín Birgisdóttir, arkitekt MAA
og Henný Helga Hafsteinsdóttir, arkitekt MAA

Teikningar eru fallegar og skýrar. Greinargerð með tillögunni er skemmtileg og lýsir á lifandi hátt upplifun af skógaráningu. Í tillögunni er aðgengi fyrir alla ekki sýnt. Leiksvæði eru ekki nema að litlu leyti útfærð. Fyrirkomulag í bálskýli býður ekki upp á sveigjanleika í notkun og hæð þess er full mikil. Notkun á sama efni í þök og veggi undirstrikar form bygginganna sem er áhugavert. Þjónustuhús með kennsluaðstöðu innandyra er viðbót sem ekki var beðið um í keppnislýsingu. Tengsl milli byggingasvæðis stíga, leiksvæðis og útikennslu eru óljós.











# ATHYGLISVERÐ TILLAGA

TILLAGA AUÐKENND NR. 80123

---

**Höfundar:**
Arkiteó og Suðaustanátta.
Einar Ólafsson arkitekt FAÍ,
Emil Gunnar Guðmundsson, landslagsarkitekt FÍLA,
Helena Björgvinsdóttir arkitekt,
Magdalena Sigurðardóttir arkitekt,
Valdemar Harðarson Steffensen arkitekt

Heildaryfirbragð tillögunnar er gott. Greinargerð er lifandi og ljós. Tillöguhöfundar hafa lifað sig vel inn í hvernig má nýta upplifun á staðnum, t.d. í leik. Sjónræn opnun skýlisins til allra átta er skemmtileg en tengsl við útikennslu og leiksvæði eru ósannfærandi. Ekki er orðið við kröfum um aðgengi fyrir alla og aðkoman er ekki vel leyst. Ekki er að öllu leyti samræmi milli grunn- og útlitsmynda. Bálskýli og þjónustuhús eru af hentugri stærð og í góðum hlutföllum. Reykræsting virðist ekki ganga upp án vélræns tækjabúnaðar. Notkun hleðsluveggja er ekki til bóta, síst með tilliti til tengsla við útisvæði.

# ÆVINTÝRASKÓGAR ÍSLANDS

## UNDRAVERÖLD Í ALFARALEIÐ





















































80123

TILLAGA AUÐKENND NR. 03130

---

**Höfundar:**
Marey arkitektar ehf.
María Björk Gunnarsdóttir,
Eyrún Margrét Stefánsdóttir

Form bálskýlis er einfalt og hefðbundið, ekki frumlegt en virðist praktískt. Gott flæði er milli inni- og útirýmis. Kennsluaðstaða við bálskýlið er áhugaverð. Tillöguhöfundar virðast taka tillit til aðstæðna á staðnum og aðgengi að byggingu fyrir alla er sæmilega leyst. Tenging milli leiksvæðis og bálskýlis er þó ekki sannfærandi. Stígakerfi að bálskýli er gott en ekki vel leyst fyrir ofan það. Greinargerð er óskýr. Hugmyndir um efnisval virka abstrakt og ósannfærandi.

# Lesið í skóginn

- áningarstaður þjóðskógarins á Laugarvatni

**Svæðið**

**Þjónustuhús og bálskýli**

**Ævintýraslóðin**

**Útsýnisstaður**

**Leiksvæði**

**Efnisval**





Afstöðumynd 1:500







Grunnmynd 1:200



Bálskýli / útlitsmynd suðvestur
1:200



Þjónustuhús / útlitsmynd vestur
1:200



Snið A - A 1:200



03130

TILLAGA AUÐKENND NR. 12125

---

**Höfundur:**
Sigurður Kolbeinsson arkitekt FAÍ

Lýsing á efnisvali og uppbyggingu er ítarleg og sýnir hugkvæmni í noktun á íslensku timbri. Útfærsla virðist þó flókin og óhagkvæm. Bálskýlið virkar innilokað og aðkoma er stíf og hentar ekki öllum. Leiksvæði er lítið útfært. Tillagan býr ekki ekki yfir miklum sveigjanleika og tengsl milli inni- og útirýma eru ekki góð. Innlifun í umhverfi og staðhætti er lítil.

# ÁNINGARSTAÐIR SKÓGRÆKTAR RÍKISINS




AFSTÖÐUMYND 1:500















GRUNNMYND










SALERNI OG GEYMSLA



AUSTUR



ÚTLIT AÐ HLUTA TIL OG SNIÐ Í ÚTVEGG BÁLSKÝLIS 1:10



SUÐUR

12125

TILLAGA AUÐKENND NR. 13012

---

**Höfundar:**
ZeroImpactStrategies v/ Eric Rønning Andersen siv.ark. MNAL

Bálskýli og þjónustuhús mynda fallega heild en vísa til annarrar notkunar en beðið var um í keppnislýsingu. Bygging sem auðveldlega gæti orðið spennandi kennileiti en notagildið er vafasamt. Lýsing á efnisnotkun er áhugaverð og sýnir hugkvæmni í nýtingu á efni af staðnum. Útisvæðið virkar ósannfærandi til kennslu. Afstöðumynd í mælikvarða 1:500 vantar á tillöguspjald.

# ÁNINGASTAÐUR Á LAUGARVATNI

## SKÓGRÆKTARFÉLAG RÍKISINS



frá leiksvæðinu | efnisval | greinargerð





sneiðing A | sneiðing B | sneiðing C | útlit suður | útlit norður | útlit vestur | sneiðingar og útlit 1:200



## ÚTFÆRSLA Á JAFNSLÉTTU



grunnmynd 1:500





grunnmynd 1:200



Bálstofan



13012

TILLAGA AUÐKENND NR. 17611

---

**Höfundar:**
Arkibúllan ehf.
Hólmfríður Ósmann Jónsadóttir arkiekt FAÍ,
Hrefna Björg Þorsteinsdóttir arkitekt FAÍ

Sjónræn tengsl milli inni – og útirýma eru góð. Þessum tengslum er þó takmörk sett þar sem einungis er hægt að ganga út og inn um dyr. Form byggingarinnar er samþjappað, sem er jákvætt. Aðkoma að bálskýli og aðgengi fyrir alla er mjög vel leyst. Aðlögun að landi er góð en byggingin þó óþarflega há. Hlutverk hennar til að skýla fyrir veðrum er ósannfærandi. Yfirbragð mannvirkisins gefur ekki mynd af þeirri notkun sem þar fer fram að mati dómnefndar. Óskýrt hvort gler er í veggjum eins og virðist vera á þrívíddarmyndum en ekki samkvæmt greinargerð. Höfundar sýna ekki aðra notkun á svæðinu en þá sem er í næsta nágrenni við bygginguna.

# ÁNINGARSTAÐIR SKÓGRÆKTAR RÍKISINS



fjarvíddarmynd úr suðri

**Meginhugmynd**

**Helldaryfirbragð**

**Efnisnotkun**

**Aðgengi**

**Sveigjanleiki**

**Hagkvæmni**



þakmynd m. 1:200




afstaða m. 1:500



grunnmynd m. 1:200



vesturhlið m. 1:200



austurhlið m. 1:200



skurðmynd aa m. 1:200



norðurhlið m. 1:200



skurðmynd bb m. 1:200



suðurhlið m. 1:200



17611

TILLAGA AUÐKENND NR. 23027

**Höfundar:**
Sigrún Harpa Þórarinsdóttir,
Sunna Dóra Sigurjónsdóttir

Skírskotun í burstabæ er áhugaverð en byggingin er þó ekki líkleg til að vekja mikil hughrif. Byggingin tekur lítið tillit til landhalla. Þrívíddarmynd sýnir flatt land kringum hana en í raun er um 4 metra hæðarmun að ræða skv. hæðarlínukorti. Einingar virka stórar og þungar og gera líklega kröfu um notkun stórvirkra véla í viðkvæmu landi. Aðkoma með tilliti til aðgengis allra er ekki leyst. Fyrirkomulag á svæðinu er sundurleitt. Norðurmerkingu skortir á afstöðumynd

# Áningarstaður í Þjóðskógum ríkisins

Tillaga að áningarstað í Bláskógabyggð, við rætur Laugarvatnsfjalls

Höfundur leggur til að byggingar áningarstaðarins verði gerðar úr forsmíðuðum einingum. Hver eining er unninn úr timburgrind sem er klædd timburklæðningu, nánar tiltekið lerkivið. Einingarnar samanstanda af veggjum, þökum, gólfum og burðarbitum.

Deili



Flæði og starfsemi



Sundurliðaðar einingar



Einingunum er raðað saman á þann hátt að þær mynda samliggjandi tvíhalla þök og veggi niður úr þeim, sem ýmist mynda opnanir og lokanir út frá gólffleti. Höfundur sækir hugmyndina um slík þök í íslenska torfbæinn.



Sniðing B. 1:200



Sniðing A. 1:200



Grunnmynd. 1:200



Útlit suðaustur. 1:200



Útlit suðvestur, bálskýli 1:200



Útlit norðaustur, þjónustuhús 1:200



Afstöðumynd. 1:500



23027

TILLAGA AUÐKENND NR. 27913

---

**Höfundar:**
Auður Svanhvít Sigurðardóttir,
Sigríður Hrund Símonardóttir

Bálskýlið er lágreist og myndar gott skjól móti höfuðáttum og snýr vel við sólu. Hún er þó ekki sérlega frumleg og til þess fallin að vekja áhuga ferðafólks. Tillöguhöfundar hafa greinilega sett sig vel inn í allar aðstæður og staðhætti, þó er landmótun við að koma byggingu fyrir í grófara lagi. Reynt er að leysa aðgengismál en sú leið sem ætluð er fyrir hjólastóla er þó óþarflega löng.

# Vígðabrekka - áningarstaður Laugarvatni






**Leiksvæði - Barnabrekka**



**Útikennslusvæði - Leynilundur**



**Leiksvæði - Drumbafjör**

**Forsendur hönnunar -** Áningarstaðurinn á að vera aðgengilegur fyrir alla, en um leið reyna að halda svæðinu sem mestu óröskuðu. Mikilvægt er því að halda í þau grenitré sem fyrir eru, þar sem þau umlykja svæðið, veita skjól og mynda notalega lundi og lautir. Einnig að halda sem mest í það náttúrulega birki sem finnst á svæðinu en þó mun þurfa að ryðja nokkuð á leiksvæði og í kringum bálskýli og þjónustuhús. Á svæðinu er nú rjóður sem nýtt er undir útikennslu en það er að hluta falið inn í skóginum. Ákveðið var að halda þessu sjarmerandi svæði sem mestu óbreyttu, frekar bæta við það og lagfæra. Allt efnisval miðast við innlent byggingarefni þar sem því er við komið.

**Staðarval mannvirkja -** Þar sem NNA og ANA áttirnar eru áberandi og ríkjandi á svæðinu var leitast við að mynda sem mest skjól með því að staðsetja byggingar þannig að þær valdi sem minnstu raski og verji útsvæði fyrir veðrum og vindum og að byggingarnar sjálfar ættu þátt í því að mynda skjól á aðalsvæðinu. Einnig var tekið mið af aðgengi fyrir alla og mannvirkjum því komið fyrir þar sem hallinn er minnstur. Bálskýlið er látið ganga inn í landslagið til að skaga ekki upp úr því og falla betur að landslaginu sem fyrir er, einnig fellur það betur inn í umhverfið með því að hafa grasþak. Þjónustuhúsið er staðsett nokkru utar til að vera ekki of nærri eldunar og dvalarsvæðinu, einnig með hliðsjón af auðveldara aðgengi fyrir fatlaða frá bílaaðkomunni.



**Sniðteikning A–A1** – Bálskýli NA Mkv. 1:100




**Sniðteikning B-B1** – Bálskýli grillaðstaða Mkv. 1:50

**Bálskýli** er ekki upphitað en í því er gert ráð fyrir grillaðstöðu sem hugsuð er þannig að gaskútum er komið fyrir aftan við húsið í læstu rými.
Gestir á svæðinu greiða fyrir afnot af gasgrillinu með greiðslu í þar til gert box, sem opnar fyrir gas eftir tímalengd. Greiðslur sem safnast fyrir afnotin er svo hægt að nýta til viðhalds, gaskaupa og almenns reksturs á svæðinu.

**Þjónustuhús/Sólarsellur -** Á SV hlið þaksins eru sólarsellur fyrir lýsingu, 80W koma fyrirfram tengdar með "skotti" og verða tengdar með rakaþéttum smellutengjum. NA hlið þaksins verður þakin grasi samskonar og á bálskýlinu. Auðvelt verður að útfæra svipað fyrirkomulag á þak bálskýlisins verði þess óskað síðar.




**Grunnmynd** – þak á þjónustuhúsi Mkv. 1:100

**Leiksvæði** verður náttúrulegt á að líta og efnisval íslenskur viður. Til dæmis trjábolum sem raðað er upp til leikja. Drumbum raðað upp svo hægt er að hoppa / leik á milli þeirra, þroskar jafnvægi og nákvæmni. Hönnunar-forsendur miða að sem minnstu raski og leiktækjum komið fyrir inn á milli gróðurs sem fyrir er.

**Útikennslusvæði** er á sama stað og notaður hefur verið fram til þessa, í skjóli inn á milli hávaxinna trjáa, bekkir festir á trjáboli í hring og fyrir miðju er hlaðið eldstæði. Utan við það er einnig komið fyrir einföldum bekkjum með borði sams konar og fyrir framan bálskýli.

**Útikennslusvæði - Leynilundur**



**Leiksvæði - Barnabrekka**



**Leiksvæði - Drumbafjör**



27913

TILLAGA AUÐKENND NR. 30109

---

**Höfundur:**
Hákon Ingi Sveinbjörnsson

Tillöguhöfundar leitast við að gera tillögur að byggingum en tengingar við umhverfi staðarins vantar. Tillagan er fremur hrá og ekki nægilega faglega unnin. Greinargerð vantar.

VECTORWORKS EDUCATIONAL VERSION







Skýli

Grillskýli sem rúmar 80 manns.
Þjónustuhús með tveim 12 fermetra snyrtingu.
5,5 fermetra geymsla.





Útlit vestur 1:200



Útlit norður 1:200



Útlit austur 1:200



Útlit suður 1:200



Sneiðing 1



Sneiðing 2



Sneiðing 3



Sneiðing 4




Afstöðumynd 1:500

VECTORWORKS EDUCATIONAL VERSION

TILLAGA AUÐKENND NR. 54161

---

**Höfundar:**
Stáss arkitektar:
Árný Þórarinsdóttir arkitekt,
Helga Guðrún Vilmundardóttir arkitekt

Hugmyndir um opnun og lokun veggja í bálskýli og þjónustuhúsi eru áhugaverðar. Framsetning tillögunnar er þó nokkuð óskýr og efnisnotkun og áferð komast ekki vel til skila á teikningunum. Aðgengismál eru ekki leyst.

# Áningarstaðir í þjóðskógum Skógræktar ríkisins.




útgangspunktur höfuðátta er áningarstaður við Laugarvatn

54161

TILLAGA AUÐKENND NR. 91941

---

**Höfundar:**
Hönnunarsmiðjan ehf.
Arnhildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ

Framsetning tillögunnar er greinargóð.Tillagan er sundurleit og t.d. er kennsluaðstaða úr tengslum við mannvirki. Ósk um bálskýli er hér mætt með stórri, óhentugri og óhagkvæmri byggingu. Aðgengismál eru ekki vel leyst.

# ÁNINGARSTAÐIR SKÓGRÆKTAR RÍKISINS _LAUGARVATN



AFSTÖÐUMYND MKV. 1:500



## 1) BÁLSKÝLI - MKV. 1:200





## 2) "TUNNUR"/GEYMSLA OG BEKKIR





## STÍGUR 2



## STÍGUR 1





## 3) ÝMIS MINNI SKÝLI OG ÞJÓNUSTUHÚS





AÐSTÖÐUHÚS/GEYMSLUR/SKÝLI/SALERNI - MKV. 1:50

91941